



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



2021-2023

Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



Digital Readiness for European Distance Learning

Annar fundur í Erasmus verkefninu var 7.—11. febrúar 2022. Fimm kennarar fóru á vegum skólans til Brakel, Belgíu. Þær þjóðir sem eru í verkefninu eru auk Íslands og Belgíu, Grikkland, sem stjórnar verkefninu, Serbía og Portúgal. Aðal tilgangur fundarins var hvernig gestgjafarnir notuðu Google Classroom í fjarnámi á meðan á Covid stóð, sérstaklega hvað varðar STEM (science, Technology, engineering and math) áfanga og hvernig þeir notuðu SmartSchool til að hafa umsjón með einkunnum, mætingu, samskipum og öðru er varðar fjarkennslu.




Menntaskólinn í Reykjavík





Pátttakendur fengu fyrirlestur um hvernig belgískt skólakerfi er uppsett. Einnig hvað varðar samþættingu nýrra kennslu—og námsaðferða fer fram í GO! Atheneum skólunum. Mikil áhersla er lögð á að laga kennsluáðferðir að nútímanum og gera samþættingu auðveldari og er ávinningurinn af alþjóða verkefnum mikill fyrir skólana.



Einnig var sýnikennsla með hvernig hægt er að nota hönnun á Legó fígúrum og aðra hönnun í Google Classroom í þrívíddarhönnun með Tinkercad forritinu og örðum hugbúnaði og hvernig eigi að nota 3D prentun til að sýna mun á 2D og 3D.



Einnig fengu kennarar að kynnst hvernig hægt er að nýta tölvuleiki í kennslu. Sögukenningarinn Michael De Borre sýndi hvernig nota mætti fræðsluútgáfuna af leiknum Assassin's Creed til að sýna á skemmtilegan og gagnvirkan hátt ferð um Egyptaland og Grikkland til forna.



Að lokum var sýnt hvernig nota mætti sýndarveruleika í kennslu.



Menntaskólinn í Reykjavík

